

Gjaldskrá fyrir JET A1 birgðastöðvar Skeljungs á flugvöllum.

Gjaldskrá og skilmálar.

Einingarverð fyrir afnot af birgðastöð á hverjum stað er 4,20 kr./l. eldsneytis án vsk. m.v. 15°C.

- Útgáfudagur gjaldskrár er 11. nóvember 2015 og tekur mið af verðlagi í október og vísitölu byggingarkostnaðar 127,9 stig.
- Gjaldskráin tekur mánaðarlegum breytingum til hækkunar eða lækkunar skv. byggingarvísitölu.
- Gjaldskráin tekur mið af rekstrargjöldum og því magni sem afgreitt er í gegnum birgðastöðvar á hverju ári, nú á árinu 2014. Gjaldskráin endurskoðast árlega m.t.t. magns, næst 1. mars 2016 byggt á magni ársins 2015.
- Gjaldið nær til móttöku, geymslu og eftirlits með eldsneyti í hverri birgðastöð og aðstöðu til afgreiðslu þess á afgreiðslutæki. Söluaðili hefur aðgengi að afgreiðslutromlum á flugvöllum, þar sem þær eru til staðar.
- Afhending og afgreiðsla eldsneytis út úr birgðastöð er framkvæmd og á ábyrgð söluaðila, sem hefur aðgang að birgðastöðinni samkvæmt nánari samningi hverju sinni.
- Gjaldskráin innifelur ekki kostnað við afgreiðslu eldsneytis út úr birgðastöð, þar sem söluaðilinn annast þá afgreiðslu sjálfur.
- Skeljungur annast mánaðarlegt birgðauppgjör hverrar birgðastöðvar og senda söluaðila mánaðarlegt uppgjör fyrir 10. hvers mánaðar. Rýrnun og/eða aukning birgða skal færð hlutfallslega á hvern söluaðila, m.v. afgreitt magn í hverjum mánuði.

Gildissvið.

Gjaldskráin nær til birgðastöðva Skeljungs hf. á Reykjavíkflugvelli, Ísafjarðarflugvelli, Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli.

Skeljungur skal reka hverja birgðastöð í samræmi við viðurkennda handbók, sem skal liggja frammi fyrir söluaðila.

Skeljungur ber ábyrgð á rekstri framangreindra birgðastöðva og skal afla sér allra þeirra leyfa sem krafist er vegna þess. Skeljungur skal váttryggja mannvirki sín gegn bruna og hafa gilda íslenska frjálsa ábyrgðartryggingu með almennum skilmálum sem um þær gilda hér á landi, vegna starfsemi sinnar á hverjum stað. Skeljungur váttryggir ekki þær vörur sem teknar eru til geymslu heldur skulu þær vera á ábyrgð eiganda og váttryggðar af honum, kjósi hann svo.

Allt eldsneyti sem fer í birgðastöðvar flugvalla skal uppfylla staðalinn AFQRJOS Check List for Jet A-1 eins og hann er á hverjum tíma og skulu skjöl sem staðfesta það fylgja hverjum farmi.

Gildistími.

Forsenda fyrir því að gjaldskrá verði virk, er að gerður verði samningur um afnot birgðastöðvar á milli Skeljungs og söluaðila og að Samkeppniseftirlitið samþykki undanþágubeiðnir sömu aðila vegna samstarfsins, verði gerð krafa um slíkt af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Gjaldskrá verður ekki sagt upp einhliða á meðan slíkir samningar eru í gildi.

Skilyrði

Birgðastöðvar eru staðsettar á lokuðum svæðum hvers flugvallar. Það er á ábyrgð söluaðila að tryggja sér aðgengi að flugvöllum, bæði vegna flutninga til birgðastöðva og til afgreiðslu eldsneytis.

Söluaðili skal hafa gilda flugeldsneytisábyrgðartryggingu vegna viðskipta sinna á viðkomandi flugvelli. Skeljungur sem rekstraraðili birgðastöðvar skal vera meðváttryggður í slíkri tryggingu. Um ábyrgðartryggingu þessa skal fjallað sérstaklega í samningi aðila, m.a. um Tarbox.

Reykjavík, 11. nóvember 2015

Skeljungur hf.